

# Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2002 – maí 2003

BIRGITTA SPUR

## Sýningar

Sýning safnsins veturinn 2001 – 2002 bar heitið *Kynlegir kvistir* og lauk henni þann 5. maí 2002. Ný sýning var opnuð þann 23. maí og var framlag LSÓ til Listahátíðar í Reykjavík. Þetta var all nýstárleg sýning undir heitinu *KONAN, Maddama, kerling, fröken, frú...* Ellefu íslenskar skáldkonur höfðu ort ljóð hver við eitt verk eftir Sigurjón. Við opnunina fluttu skáldkonurnar ellefu ljóð sín um leið og þær afhjúpuðu verkin og Guðrún Ásmundsdóttir leikkona kynnti atriðin. Skáldin voru Elísabet Jökulsdóttir, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir.

Gerður var geisladiskur með upplestri skáldkvennanna og fylgdi honum lítil sýningarskrá með ljóðatextum og ljósmyndum af verkunum. Á meðan á sýningunni stóð, eða til 30. júní, gátu sýningargestir hlustað á lestur skáldkvennanna af ferðageislaspilara, og mæltist það vel fyrir.

Rungwe Kingdon eigandi bronssteypunnar *Pangolin Editions* hélt fyrirlestur um bronspatíneringu í safninu 8.07.02. Mættu um 40 listamenn til að fræðast um aðferðir hans.

Sýning sumarsins á verkum Sigurjóns nefndist *Hin hreinu form* og voru sýnd 19 verk frá 45 ára tímabili í list Sigurjóns.

Íslenski safnadagurinn var haldinn 14.07.02 og af því tilefni bauð LSÓ leiðsögn um sýninguna.

Á vetrarsýningu safnsins (05.10.02 – 30.03.03) *Andlitsmyndir og afstraksjónir* var teflt saman andlitsmyndum Sigurjóns og afstrakt verkum sem bera mannleg einkenni.

LSÓ tók þátt í *Vetrarhátíð í Reykjavík* með tónleikum laugardaginn 1. mars kl. 17. Þar léku Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Anna Málfríður Sigurðardóttir píanóleikari. Daginn eftir, kl. 14 og 16, var leiðsögn um sýninguna og tónlist með kaffinu kl. 15 sem Hlíf og Anna Málfríður fluttu. Dagskrárnar voru kynntar undir heitinu *Úr vetrardvala* og voru þær vel sóttar.

Á tímabilinu 5. apríl – 4. maí 2003 sýndi safnið *STERLING STUFF – Smáskúlptúrar úr silfri* frá hinni virtu bresku bronssteypu PANGOLIN EDITIONS sem rekur samnefnt gallerí. Að undirlagi gallerísins lögðu 51 þekktir myndhöggvarar hver sitt smáverk úr silfri til sýningarinnar, þar á meðal voru íslendingarnir Jóhanna Þórðardóttir og Pétur Bjarnason. Hér bættist við sýninguna 17 cm há silfurafsteypa af *Hávaðatröllinu* sem Sigurjón gerði sem formynd fyrir samnefnt verk við Búrfellstöð og hefur ekki komið fyrir almennings sjónir áður. Sýningin var opnuð af Guðmundi Arnasyni ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu í forföllum menntamálaráðherra.

Sendiherra Bretlands á Íslandi John Culver var viðstaddur og lagði til veitingarnar og einnig komu tólf af listamönnum frá Bretlandi, ásamt mökum, til að vera við opnunina. Sýningin fór héðan til Royal Academy of Fine Arts í London. Það tókst að fá nokkurn fjárstuðning fyrir sýninguna, meðal annars frá Kaupþing Banka.

Listaháskóli Íslands fékk inni í safninu tvær síðustu helgar í maí (17. & 18. og 24. & 25. maí) fyrir sýningu sex annars árs nema í myndlistadeild skólans. Með veru nemendanna og gesta þeirra hér í safninu telur LSÓ sig stuðla að því að yngri kynslóðin kynnist list Sigurjóns.

### Tónleikar

Þriðjudagstónleikar sumarsins 2002 hófust 2. júlí og voru síðustu tónleikarnir haldnir 3. september. Tónleikarnir voru 10 talsins og alls komu fram 28 flytjendur.

Aðrir tónleikar:

Margrét Hrafnadóttir 05.09.02

Tónskóli Sigursveins 26.11.02, 13.12.02 og 14.12.02

Nemendatónleikar Listaháskóla Íslands – Myrkir Músíkdagar – með hljóðritun fyrir RÚV 17.02.03

### Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og aðra atburði og skulu hér nokkrir nefndir:

- ▶ Úthlutun úr Pokasjóði verslunarinnar fór fram í safninu 06.06.02 að viðstöddum menntamálaráðherra Tómasi Inga Olrich.

- ▶ PharmaNor hafði kynningarfund og móttöku í safninu 22.11.02

Ýmsar aðrar móttökur og veislur voru haldnar í safninu auk þess sem nokkrir starfsmenn frá Íslandsbanka héldu vinnufund í kaffistofunni 4.02.03.

### Listaverk utan safnsins

*Veggmynd* (LSÓ 1142, 1955)

Upp úr miðjum ágúst 2002 fréttist að brjóta ætti niður vegg fyrrum Ingólfsapóteks við Fischerssund, þar sem Sigurjón gerði veggmynd árið 1955. Tekin voru nákvæm mál af myndinni þannig að hægt væri að endurgera verkið síðar. Ekki náðist að taka mósaíkskildi heilum úr veggnum, en mósaík flögurnar, þær sem náðust, eru geymdar. Ólafur Ingi Jónsson forvörður og Geirfinnur Jónsson unnu þetta verk.

Tvö fyrirtæki vinveitt safninu, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen og Húsfélagið Sundaborg, hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni.

Stækkaða gifsmyndin sem *Fótboltamenn* á Akranesi eru steypdir eftir var flutt til landsins í hlutum. Henni hefur verið komið fyrir í geymslu hjá Þjóðminjasafni Íslands við Vesturvör til bráðabirgða.

Forstöðumaður safnsins fór í eftirlitsferð til Noregs dagana 7. og 8. október 2002 þar sem hún hugaði að þeim módelum og afsteypum eftir Sigurjón sem ýmist eru í geymslu hjá Erlingi Jónssyni myndhöggvara, hjá Kristiania Kunst og Metalstøberi og hjá gipssteyparanum Roald Kluge, en hann hefur haft nokkur gipsmódel til viðgerðar og afsteypu í gips og polyester.

### Viðgerðir og forvarsla listaverka

Auk þeirrar forvörslu sem Roald Kluge hefur unnið fyrir safnið var tekin sú ákvörðun að reyna að bjarga frá eyðileggingu tveimur útilistaverkum á lóð safnsins. Eru þetta *Lágmyndir* (LSÓ 085 og 086) úr steinsteypu sem voru gerðar árið 1977. Gengið var að tilboði bresku bronssteypunnar Pangolin Editions um að taka mót af verkunum og í júlí 2002 komu þrír menn frá Bretlandi og gerðu mótin. Kostaði það um 1.3 milljónir króna og var lítið undir áætlun sem gerð hafði verið. Mótin hafa nú verið send til Englands og bíða þess að steipt verði í þau. Það kostar, ásamt heimflutningi og gjöldum, um 4 milljónir króna og er verið að leita fjár til þess hjá styrktaraðilum. Þjóðhátíðarsjóður, Íslandsbanki og Húsfélag Sundaborg hafa styrkt þessa björgunarstarfsemi. Reynt verður að hefja steypuvinnu á árinu 2003.

## Ráðstefnur

Forstöðumaður safnsins sótti þing Norrænna safnmanna í Reykholti dagana 7. – 11. ágúst. Umræðuefni þingsins var *Endurheimt menningarminja*. Safnið lagði fram vinnu við undirbúning þingsins og einnig komu þátttakendur í heimsókn í safnið að kvöldi 10. ágúst.

Forstöðumaður safnsins tók þátt í *Farskóla safnmanna* á Höfn í Hornafirði dagana 11. – 13. september 2002, sótti heilsdags fund í Listasafni Íslands 12.12.02 um *málefni listasafna á Íslandi* og sótti norræna ráðstefnu í Norræna Húsinu dagana 9. og 10. maí 2003 um *opinbera menningarstefnu á Norðurlöndum*.

## Fyrirhugaðar sýningar og önnur starfsemi

Starfsemi safnsins árið 2003 verður með fjölbreyttara mótí í tilefni þess að liðin eru 15 ár frá því að safnið var opnað almenningi þann 21. október 1988.

Í júní, eftir lok *STERLING STUFF* sýningarinnar og nemendasýningar Listaháskólans, verður sýningin *Andlitsmyndir og Afstraksjónir* aftur sett upp í safninu og stendur út ágúst.

Listasafnið á Akureyri og LSÓ hafa fengið hingað skúlptúrsýningu frá Þjóðarlistasafninu í Berlín sem nefnist *Kleinplastiken* en er nefnd hér *Meistarar formsins – úr höggmyndasögu 20. aldar*. Þar eru verk eftir helstu módernista evrópskrar höggmyndalistar, til dæmis Arp, Archipenko, Giacometti, Marino Marini og Henry Moore. Eftir að hafa verið á Akureyri í júní – ágúst verður hluti hennar settur upp í LSÓ og stendur sú sýning frá 6. til 28. september. Er hér kærkomið tækifæri til að setja list Sigurjóns inn í alþjóðlegt samhengi, og er ætlunin að sýna verkið *Á leið til elskunnar minnar* (LSÓ 212) eftir Sigurjón frá árinu 1955. Myndin kom í vetur úr viðgerð frá Noregi og hefur ekki áður verið sýnd opinberlega. LSÓ greiðir 500 þús kr. til sýningarinnar og mun sækja um styrki til að mæta þeim kostnaði

Þann 18. október mun safnið standa að málþingi í Norræna Húsinu um *Sigurjón Ólafsson og list á opinberum vettvangi*. Flest atriði þingsins eru komin á hreint og samið hefur verið við fyrirlesara. Menntamálaráðuneytið hefur veitt 150 þúsund króna ferðastyrk fyrir erlendu fyrirlesarana og reynt verður að afla fleiri styrkja. Vigdís Finnbogadóttir er verndari þingsins og mun opna það.

Þann 21. október verður haldin hin eiginlega afmælishátíð með fjölbreyttri dagskrá tónleika og upplestra auk sýningar á ljósmyndum af verkum Sigurjóns á opinberum vettvangi.

Sumartónleikaröð safnsins 2003 hefjast 3. júní og er óvenju glæsileg í ár með tólf þriðjudagstónleikum auk sérstakra Schubert tónleika sunnudaginn 10. ágúst.

Umsóknir fóru að berast óvenju snemma, sérstaklega frá hljóðfæraleikurum erlendis, og til að gefa kollegum þeirra hérlandis jafnt tækifæri var auglýst eftir umsóknum og gefinn skilafrestur til 1. febrúar 2003. Tvöfalt fleiri umsóknir bárust en hægt er að koma fyrir í dagskránni og þurfti því að hafna mjög góðu efni. Menntamálaráðuneytið og Bandaríska sendiráðið á Íslandi hafa lagt fram styrki til ákveðinna tónleika að upphæð samtals 175 þúsund krónur. Sótt var um framlag frá Menningarborgarsjóði til *Markaðssetningar sumartónleikaraðar fyrir erlenda ferðamenn* og fengust 300 þúsund krónur. Sett verður upp stórt kynningarspjald á sérstakan stand í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Geysishúsinu og útbúið ítarefni fyrir hverja tónleika.

Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra atburði séu uppfærðar á netsíðum safnsins, og að þar megi einnig sjá öll frávik frá venjulegum opnunartíma safnsins.

## Safnmunir

Skráð listaverk eigu LSÓ voru um áramótin 2002-2003 alls 370.

## Fjöldi safngesta

á árinu var um 4.000.

## Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er 300 kr. fyrir fullorðna, 200 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólahópa. LSÓ er aðili að Gestakorti Reykjavíkur.

## **Opnunartími**

Á næsta starfsári verður safnið opið sem hér segir:

1. júní - 30. sept.: Alla daga nema mánudaga kl. 14 - 17

1. okt. - 31. maí: Laugardaga og sunnudaga kl. 14 - 17

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

## **Starfsmenn**

Í föstu starfi hjá safninu eru Birgitta Spur forstöðumaður og Geirfinnur Jónsson. Einnig er lausráðið fólk í yfirsetu.

## **Stjórnarfundir**

Stjórnarfundur var haldinn 05.09.02. Fundinn sátu einnig Pétur H. Ármannsson og Aðalsteinn Ingólfsson. Fundarefnið var fyrirhugað málþing um Sigurjón Ólafsson og list á opinberum vettvangi haustið 2003. Í júlí/ágúst 2002 var reynt án árangurs að ná saman stjórnarmönnum til fundar með Æsu Sigurjónsdóttur listfræðingi í París, sem á sæti í stjórn LSÓ. Í staðinn voru haldnir tveir fundir með þeim Æsu, Pétri H. Ármannssyni, Aðalsteini Ingólfssyni og forstöðumanni LSÓ um málþingið, 22.07 og 12.08. 2002. Stjórnarfundur var haldinn 19.02.2003.

## **Stjórn LSÓ skipa**

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir, og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Karólína Eiríksdóttir og Geirfinnur Jónsson.

## **Fulltrúaráð LSÓ skipa**

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður) og Vikar Pétursson.

## **Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa**

Birgitta Spur, Matthías Johannessen og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

## **Endurskoðandi safnsins**

er Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi.

# SUMARTÓNLEIKAR 2002

## Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Þriðjudaginn 2. júlí kl. 20:30

**Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Sigurlaug Eðvaldsdóttir** fiðluleikarar, **Herdís Jónsdóttir** víóluleikari, **Örnólfur Kristjánsson** sellóleikari og **Þórir Jóhannsson** kontra-bassaleikari. Sónötur eftir G.A. Rossini og Kvintett eftir Antonin Dvorák.

Þriðjudaginn 9. júlí kl. 20:30

**Ragnheiður Árnadóttir** sópran, **Sveinhildur Torfadóttir** klarinettleikari og **Peter Nilsson** píanóleikari. Verk eftir Louis Spohr fyrir píanó og klarinett. Lög eftir Sibelius og amerísk og íslensk tónskáld.

Þriðjudaginn 16. júlí kl. 20:30

**Berglind María Tómasdóttir** flautuleikari og **Kristinn Árnason** gítarleikari. Á efnisskrá verða verk af ýmsum toga, m.a. þjóðlagaútsetningar eftir Bartók, *Towards the Sea* fyrir altflautu og gítar eftir Takemitsu, og nýtt verk eftir Huga Guðmundsson.

Þriðjudaginn 23. júlí kl. 20:30

**Camilla Söderberg** blokkflautuleikari og **Guðrún Óskarsdóttir** semballeikari. Gömul og ný tónlist fyrir blokkflautur og sembal.

Þriðjudaginn 30. júlí kl. 20:30

*Jazzrómantík*. Tónlist eftir 20. aldar tónskáld. Trío Andrésar Þórs ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** jazzsöngkonu. **Andrés Þór Gunnlaugsson** gítarleikari, **Tómas R. Einarsson** kontrabassaleikari og **Rene Winter** trommuleikari.

Þriðjudaginn 6. ágúst kl. 20:30

**Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran, **Sigríður Aðalsteinsdóttir** mezzosópran og **Daníel Þorsteinsson** píanóleikari. Á efnisskránni verða m.a. ljóðaflökkarnir *Lieder eines fahrenden Gesellen* eftir Gustav Mahler og *Drei lieder der Ophelia* eftir R. Strauss ásamt Dúettum eftir J. Brahms.

Þriðjudaginn 13. ágúst kl. 20:30

*Legenda Aurea*. **Gunnhildur Einarsdóttir** hörpuleikari og **Paul Leenhouts** blokkflautuleikari leika verk frá endurreisnar- og snemmbarokktímanum á upprunaleg hljóðfæri.

Þriðjudaginn 20. ágúst kl. 20:30

**Xu Wen** sópran og **Anna Rún Atladóttir** píanó. Lög og aríur eftir Ravel, Fauré, Puccini, Gounod, Verdi, Sigvalda Kaldalóns og kínversk þjóðlög.

Þriðjudaginn 27. ágúst kl. 20:30

**Hrólfur Sæmundsson** barítónsöngvari og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanóleikari. Lög eftir Hugo Wolf við ljóð F.W. von Göthe og Eduard Mörike.

Þriðjudaginn 3. september kl. 20:30

*Trio Nordica*. **Auður Hafsteinsdóttir** fiðluleikari, **Bryndís Halla Gylfadóttir** sellóleikari og **Mona Sandström** píanóleikari. Verk eftir Sergei Rachmaninov, Hauk Tómasson (frumflutningur) og Johannes Brahms.